

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/81/EB

2008/EES/73/31

frá 28. nóvember 2005

## um breytingu á tilskipun 80/723/EBE um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja og gagnsæi í fjármálum tiltekinna fyrirtækja (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 86. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE<sup>(1)</sup> er aðildarríkjunum gert skylt að tryggja gagnsæi fjármálatengsla milli opinberra yfirvalda og opinberra fyrirtækja svo og innan tiltekinna fyrirtækja. Fyrirtæki, sem skylt er að færa aðskilið bókhald, eru öll fyrirtæki sem aðildarríki veitir sérstök réttindi eða einkarétt skv. 1. mgr. 86. gr. sáttmálans eða sem falið er að veita þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, skv. 2. mgr. 86. gr. sáttmálans og sem njóta einhvers konar ríkisaðstoðar í tengslum við slíka þjónustu og stunda einnig aðra starfsemi.

2) Aðildarríkjunum er heimilt að veita fyrirtækjum, sem falið hefur verið að veita þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, bætur til að standa straum af sérstökum kostnaði vegna slíkrar þjónustu. Slíkar bætur mega þó ekki vera hærrí en nauðsynlegt er til að veita viðkomandi þjónustu og óheimilt er að nota þær til að fjármagna aðra starfsemi en þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu.

3) Samkvæmt tilskipun 80/723/EBE skal því aðeins færa aðskilið bókhald að fyrirtækið, sem falið hefur verið að veita þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, njóti ríkisaðstoðar. Dómstóll Evrópubandalaganna komst að þeirri niðurstöðu í dómi sínum í máli Altmark Trans GmbH<sup>(2)</sup> að við tilteknar aðstæður teldust bætur vegna opinberra þjónustu ekki vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans.

4) Óháð flokkun samkvæmt lögum á bótum vegna opinberra þjónustu, í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans, skal sú skylda að færa aðskilið bókhald þó eiga við um öll fyrirtæki sem þiggja slíkar bætur ef þau stunda einnig aðra starfsemi en þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Einungis er hægt að skilgreina kostnað, sem rekja má til þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, og reikna rétta bótafjárhæð með því að færa aðskilið bókhald.

5) Tilskipun 80/723/EBE skal því breytt í samræmi við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað d-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 80/723/EBE komi eftirfarandi.

„d) „fyrirtæki sem skylt er að færa aðskilið bókhald“: öll fyrirtæki sem aðildarríki veitir sérstök réttindi eða einkarétt skv. 1. mgr. 86. gr. sáttmálans eða sem falið er að veita þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu skv. 2. mgr. 86. gr. sáttmálans og sem njóta einhvers konar ríkisaðstoðar í tengslum við slíka þjónustu og stundar einnig aðra starfsemi.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslu-fyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 19. desember 2006. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni þessi ákvæði og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 47. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2006 frá 7. júlí 2006 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 19.10.2006, bls. 24.

(1) Stjtið. EB L 195, 29.7.1980, bls. 35. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/52/EB (Stjtið. EB L 193, 29.7.2000, bls. 75).

(2) Mál C-280/00 Altmark Trans GmbH og Regierungspräsidium Magdeburg gegen Nahverkehrsgesellschaft Altmark GmbH [2003], dómásafn EB I-7747.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. nóvember 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Neelie KROES

*framkvæmdastjóri.*

---